

Hafnarfirði, 1. nóvember 2021

### **Efni: Heimilislausir með fjölpættan vanda.**

Umboðsmaður Alþingis sendi frá sér niðurstöður frumkvæðisathugunar sinnar á húsnæðisvanda utangarðsfólks í lok árs 2017. Þar er kallað eftir upplýsingum um stöðu þessara mála í sveitarfélögunum. Vísað er til laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga en markmið laganna er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Í XII kafla laganna er fjallað um húsnæðismál. Í þeim kafla eru lagðar þær opinberu skyldur á sveitarfélögin að annast þau tilvik þegar íbúar geta ekki leyst úr húsnæðisvanda sínum sjálfir.

Allar götur frá því að niðurstöður umboðsmanns Alþingis lágu fyrir hefur verið unnið að úrlausn þessara mála í sveitarfélögunum.

Settir hafa verið á laggirnar starfshópar, málið hefur verið tekið fyrir á fjölmörgum fundum, fjölmargt bókað, ýmsar leiðir hafa verið farnar, sveitarfélög hafa gert samninga við Reykjavíkurborg um gistináttgjald í gistiskýlum borgarinnar o.fl.

Starfshópur starfsfólks velferðarþjónustu Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar vann saman að hugmyndum til úrbóta á vormánuðum 2021. Niðurstaða þeirra var áhersla á samvinnu sveitarfélaganna að úrlausnum sem þurfa að vera fjölbreyttar.

9. apríl 2021 samþykkti fjölskylduráð Hafnarfjarðar að taka í notkun 6 smáhýsi sem tímabundið búsetuúrræði fyrir einstaklinga með alvarlegan geð- og vímuefnavanda. Miðað verði við hugmyndafræði sem gengur undir heitinu „housing first“ skaðaminnkun og valdeflingu og lögð áhersla á að veita stuðning og virkniúrræði samhliða búsetuúrræði. Vísað í fjárhagsáætlunavinnu fyrir árið 2022.

Velferðanefnd Kópavogs fjallaði um málið á sínum þann 31.05.2021 og lagði til að sveitarfélögin ráði sameiginlega sérstakan verkefnastjóra til að vinna að framgangi verkefnisins, þ.m.t. undirbúningi, innleiðingu og framkvæmd í samræmi við stefnu sveitarfélaganna í málaflokknum.

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar tók undir þessa bókun velferðarnefndar í Kópavogi og fól sviðsstjóra, í samvinnu við sviðsstjóra í Kópavogi og Garðabæ, að kostnaðargreina hvað verkefnastjóri mun kosta sveitarfélögin og leggja fram tillögu að skiptingu á kostnaði milli sveitarfélaganna.

9.júní s.l. er málið tekið fyrir hjá samráðshópi velferðarsviða hjá SSH og eftirfarandi bókað:

### **„Heimilislausir með fjölpættan vanda.**

Deildarstjórar í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ hafa unnið að úrlausnum á búsetuvanda fólks með fjölpættan vanda. Þörfin hefur verið greind og metin og lögð er áhersla á að sveitarfélög verði í samvinnu um úrlausnir. Fulltrúar Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar lýsa yfir áhuga á að fylgjast með umræðunni.

„Sviðsstjórar velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu fagna samstarfi sveitarfélaganna um búsetu fyrir heimilisláusa með fjölþættan vanda. Lagt er til að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, ráði verkefnastjóra til að vinna að framgangi verkefnisins, þ.m.t. undirbúningi, innleiðingu og framkvæmd. Bókunin skal send til stjórnar SSH til umfjöllunar.“

Heimilisláusir með fjölþættan vanda eru einstaklingar með miklar og flóknar þjónustubarfir. Reynslan sýnir að ef ná á árangri og styðja við og efla lífsgæði einstaklinga í þessum aðstæðum er frumforsenda að viðkomandi hafi þak yfir höfuðið. Óvissa með húsaskjól næstu nótt veldur því að allur annar stuðningur og meðferð er óhugsandi. Hér er um afar flókið úrlausnarefni að ræða. Fjöldi þeirra sem er í þessum aðstæðum er mismunandi á hverjum tíma og þarfir ólíkar. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að heilbrigðiskerfi þarf að koma með mjög virkum hætti að þjónustu við þennan hóp. Má þar nefna meðferð, endurhæfingu og almenna heilbrigðisþjónustu. Þarna þurfa ríki og sveitarfélög að vinna náið saman.

Lagt er til að ráðinn verði verkefnastjóri í byrjun árs 2022 sem greini þörfina, leggi fram tillögur til úrbóta og framkvæmd í samvinnu við stefnu og samþykktir sveitarfélaganna. Kostnaður skipist á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur í réttu hlutfalli við íbúafjölda. Verkefnastjórinn verði ráðinn til eins árs og verði á ábyrgð sviðsstjóra velferðarsviða sveitarfélaganna. Samkomulag verði um staðsetningu verkefnastjórans og vinnutilhögun. Kostnaður vegna verkefnastjórans myndi skiptast á milli sveitarfélaganna á eftirfarandi hátt:

Miðað við skipan sveitarfélaga í lok tímabils.	2021		Laun verkefnastjóra
	<b>Alls 1 jan 2021</b>		<b>12.500.000</b>
<b>Kópavogsbær</b>	38.332	37%	4.625.000
<b>Seltjarnarnesbær</b>	4.715	5%	625.000
<b>Garðabær</b>	17.693	17%	2.125.000
<b>Hafnarfjarðarkaupstaður</b>	29.687	29%	3.625.000
<b>Mosfellsbær</b>	12.589	12%	1.500.000
	<b>103.016</b>		

F.h. samráðshóps velferðarsviða hjá SSH  
Rannveig Einarsdóttir  
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar